

Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Fjárlög fyrir árin 1904 og 1905, undirskrifuð af konungi 23. oktbr. 1903 (A. nr. 28, bls. 132—191).

Fjáráukalög fyrir árin 1902—1903, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 29, bls. 192—197).

Lög um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 30, bls. 198—201).

Lög um varnir gegn berklaveiki, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 31, bls. 202—205).

Lög um frestun á framkvæmd laga 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 32, bls. 206—207).

Lög um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan. 1900, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 33, bls. 208—209).

Viðaukalög við lög nr. 17, 13. sept. 1901, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 34, bls. 210—211).

Heimildarlög um áfangastaði, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 35, bls. 212—213).

Lög um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 36, bls. 214—215).

Lög um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24 frá 2. okt. 1891, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 37, bls. 216—217).

Lög um gagnfræðaskóla á Akureyri, undirskrifuð af konungi 10. nóvember 1903 (A. nr. 38, bls. 218—221).

Lög um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 39, bls. 222—229).

Lög um lífsábyrgð fyrir sjómenn er stunda fiskveiðar á þilskipum, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 40, bls. 230—233).

Lög um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, undirskrifuð af konungi 13. nóvbr. 1903 (A. nr. 41, bls. 234—237).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestakallslán handa Mosfelli í Grímsnesi. 119

Samkvæmt tilögum yðar, herra amtmað-
ur, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 13. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Mosfelli í Grímsnesi, síra Gísli Jónsson, taki uppá prestakallið 1068 kr. embættislán, er afborgist og ávaxtist með 6% á 28 árum, til þess að kaupa handa staðnum 5 hús, er presturinn á þar, íbúðar- og geymsluhús $12 \times 7\frac{1}{2}$ al. að grunnmáli, eldhús $6 \times 4\frac{3}{4}$ al., skúr með eldavjel $11\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$ al. svefnhús $6 \times 3\frac{1}{2}$ al. og hálf tús. öll undir járnþaki. Af eldri staðarhúsum mega niður falla bæjardyr, eldhús, smiðja, hesthús og 2 fjárhúskofar.

Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að presturinn haldi húsunum í váttryggingu fyrir eldsvoða fyrir 1800 kr. að minnsta kosti, undir eptirliti prófests og að hann skili þeim á sínum tíma eða bú hans í gildu standi eða með fullu álagi. Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

26. dag nóvembermánaðar 1903.

Reykjavík. — Isafoldarprentsmiðja.

17. nóv.